

Heimastjórn Tálknafjarðar - 16 (8.1.2026) - Samgönguáætlun 2026-2040

Málsnúmer : 2512032
Málsaðili : Innviðaráðuneytið
Niðurstaða (stutt) :
Fundardagur : 08.01.2026

Inngangur : Samgönguáætlun 2026 - 2040 tillaga til þingsályktunar

Niðurstaða : Heimastjórn Tálknafjarðar tekur undir bókun bæjarstjórnar Vesturbyggðar frá 19. fundi þann 11.12.2025 þar sem fagnað er því að Suðurfjarðagöng, göng um Mikladal og Hálf dán séu meðal forgangsverkefna í drögum að samgönguáætlun. Heimastjórn fagnar því sérstaklega að áætlað sé að hefja undirbúning að rannsóknum og hönnun þessa verkefnis strax á næsta ári og mikilvægt að sú áætlun standist. Jarðgöng á sunnanverðum Vestfjörðum munu skipta sköpum í samgöngum innan sveitarfélagsins og stuðla að jákvæðri þróun í uppbyggingu atvinnulífs og fjölgun íbúa í sveitarfélaginu.

Einnig bendir heimastjórn Tálknafjarðar á mikilvægi Bíldudalsflugvallar fyrir samgöngur til og frá Vesturbyggð og þá sérstaklega fyrir sjúkraflug. Mjög brýnt er að koma upp bættum hindrunarljósum og aðflugsljósum að flugvöllinum til að unnt sé að tryggja öryggi flugs í myrkri þar sem lítið er um ljós í nágrenni flugvallarins og því nauðsynlegt að bætt sé úr ljósabúnaði við flugvöllinn sem allra fyrst.

Heimastjórn Tálknafjarðar fagnar því að endurbygging hafskipakants á Tálknafirði sé komin inn í drög að samgönguáætlun þar sem brýn þörf er orðin á endurbótum á kantinum. Heimastjórn hvetur bæjarstjórn Vesturbyggðar til að leggja áherslu á að þeim framkvæmdum verði flýtt eins og mögulegt er en ekki er gert ráð fyrir að framkvæmdir hefjist fyrr en 2030. Heimastjórn hefur áður bókað um nauðsyn þess að hafskipakanturinn og þekjan á bryggjunni verði endurnýjuð sem allra fyrst og ítrekar þær bókanir hér með.

Samþykkt samhljóða